

Fyrir hverja

Almenni lífeyrissjóðurinn hentar þeim sem geta valið lífeyrissjóð og vilja greiða viðbótariðgjöld til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum. Aðild að sjóðnum er öllum opin en jafnframt er sjóðurinn starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, tónlistarmanna og tæknifræðinga.

Góð lífeyrissréttindi

Í Almenna lífeyrissjóðnum geta sjóðfélagar greitt bæði í séreignarsjóð og samtryggingarsjóð. Í séreignarsjóði eru ið-gjöld færð á sérreikning sjóðfélaga en með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á lífeyrisgreiðslum til æviloka og örorku-, maka- og barnalífeyri.

Ávöxtun að eigin vali

Í séreignarsjóði geta sjóðfélagar valið á milli sjö ávöxtunarleiða fyrir viðbótarlífeyrissparnað. Sjóðfélagar geta valið fleiri en eina ávöxtunarleið og geta einnig breytt um leiðir síðar.

Kosturinn við að greiða viðbótarparnað í Almenna lífeyrissjóðinn er m.a. lágur kostnaður en sjóðurinn býður sjóðfélögum að fjárfesta með sjóðnum á sömu kjörum og lífeyrissjóðurinn.

Helstu kennitölur

	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Ævisafn IV	Ríkissafn- stutt	Ríkissafn- langt	Innlána-safn	Samtryggingar- sjóður	Alls
Nafnávöxtun árið 2012	8,0	6,5	4,5	3,5	0,2	4,1	3,3	5,4	
Raunávöxtun árið 2011	1,2	3,6	4,4	2,7	-2,2	6,3	2,5	4,2	
árið 2010	2	2	1,2	3,1	6,8	8,6	3,7	1,5	
árið 2009	5,5	0,6	-13,8	-7,6			6	0,3	
á ári sl. 3 ár	4,5	4,3	-0,4	-8,1				3,7	
á ári sl. 5 ár	-6,7	-4,8	-7,3	-2,6				-2,6	
á ári sl. 10 ár	-0,1	1,4	-0,7					3,2	
á ári frá 1990		3,8						4,4	
Fjöldi sjóðfélaga	13.965	12.729	1.853	391	54	215	21.261	20.492	34.022
Heildarstærð m.kr.	8.436	29.659	3.012	1.508	327	1.766	19.002	52.641	116.351

Eignasamsetning, %

	Ævisafn I	Ævisafn II	Ævisafn III	Ævisafn IV	Ríkissafn- stutt	Ríkissafn- langt	Innlána-safn	Samtryggingar- sjóður
Innlend skuldabréf	40,4	64,1	70,7		87,6	92,9		75,6
Innlend hlutabréf	3,2	2,2	0,8					1,7
Innlán	0,6	0,1	16,9	100,0	12,4	7,1	100,0	0,8
Erlend verðbréf	49,8	30,0	10,3					19,5
Erlend skuldabréf	6,1	3,7	1,2					2,4
Innlendar eignir	44,2	66,4	88,5	100,0	100,0	100,0	100,0	78,1
Erlendar eignir	55,8	33,6	11,5					21,9





Blönduð söfn

Ávöxtunarleiðir	Fjárfestingarstefna	Fyrir hverja
Ævisafn I	30% skuldabréf 70% hlutabréf	Ævisafn I hentar þeim sem eru að ávaxta lífeyrissparnað sinn til langs tíma. Markmið safnsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í hlutabréfum að stórum hluta.
Ævisafn II	50% skuldabréf 50% hlutabréf	Ævisafn II hentar þeim sem eru að ávaxta lífeyrissparnað sinn til langs tíma. Markmið safnsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í hlutabréfum og skuldabréfum að jöfnu.
Ævisafn III	80% skuldabréf 20% hlutabréf	Ævisafn III hentar þeim sem eru að ávaxta lífeyrissparnað sinn og vilja taka litla áhættu. Markmið safnsins er að tryggja sjóðfélögum jafna og góða ávöxtun með auknu vægi skuldabréfa.
Samtryggingarsjóður	60% skuldabréf 40% hlutabréf	Með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á ævilöngum ellilífeyrisgreiðslum frá 60 ára aldri, örorku- og barnalífeyri við starfsorkumissi og maka- og barnalífeyri til eftirlifandi maka og barna við fráfall.



Íslensk ríkisskuldabréf og innlán

Ávöxtunarleiðir	Fjárfestingarstefna	Fyrir hverja
Ríkissafn stutt	80% stutt ríkisskuldabréf 20% innlán	Ríkissafn stutt fjárfestir í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs sem eru að mestu leyti óverðtryggð og í innlánum fjármálastofnana. Safnið hentar vel fyrir sjóðfélaga sem vilja ávaxta inneign sína að mestu leyti í ríkisskuldabréfum til skamms tíma.
Ríkissafn langt	100% löng ríkisskuldabréf	Ríkissafn langt hentar sjóðfélögum sem vilja ávaxta inneign sína í löngum ríkisskuldabréfum og geta þolað sveiflur í ávöxtun. Safnið hentar vel fyrir sjóðfélaga sem vilja fjárfesta í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins sem eru að mestu leyti verðtryggð og geta horft til langs tíma.
Innlánasafn	100% innlán	Innlánasafn er ávaxtað að öllu leyti á innlánsreikningum. Ávöxtun er sambærileg og ávöxtun á verðtryggðum bankareikningum með hæstu vöxtum á hverjum tíma og breytast vextirir með almennu vaxtastigi í landinu.

Af hverju Almenni?

- ❖ Enginn milliliður sem þarf að fyrir rekstur sjóðsins
- ❖ Sjóðurinn stefnir að lágmarkskostnaði þannig að ávöxtun skili sér sem mest til sjóðfélaga
- ❖ Sjóðfélagar kjósa stjórnarmenn
- ❖ Eingöngu sjóðfélagar sitja í stjórn
- ❖ Sjö ávöxtunarleiðir: Sjóðfélagar geta breytt ávöxtunarleidd á sjóðfélagavef hvenær sem þeir vilja.

Almennar upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn, kt. 450290-2549,
Lífeyrissjóðanúmer:
Lágmarksiðgjöld: 005
Viðbótariðgjöld: 004.
Ígjaldareikningur: 513-26-410000.
Vefsíða: www.almenni.is

Skipulag

Stjórn: Páll Á Pálsson, formaður, Oddur Ingimars-
son, Sigríður Sigurðardóttir, Sigurbjörn Sveinsson,
Vilhelmina Haraldsdóttir og Þorkell Bjarnason.
Til vara: Gunnar Einarsson og Hrönn Sveinsdóttir.
Frákvæmdarstjóri: Gunnar Baldvinsson